

Ed.

775. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Hnappdælahjerað*].

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og sjá má á greinargerð fyrir þessu frv., á Hnappadalssýsla og Staðarsveit mjög erfitt með að ná til læknis, sjerstaklega á vetrum, þar sem sækja verður yfir erfiða og oft ófæra fjallvegi.

Undirritaður framsögumaður þessa máls telur því mikla nauðsyn á, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hins vegar vilja hinir meðnefndarmennirnir láta þess getið, að afstaða þeirra til þessa frv. fari að nokkru leyti eftir því, hver afdrif hin önnur frumvörp um fjölgun læknishjeraða fái í þinginu, og eru því meðmæltir, að frv. verði samþykkt í háttv. deild, svo að háttv. neðri deild gefist kostur á að taka það til athugunar.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Magnús Torfason,
form.

H. Steinsson,
framsögum.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.